**Ed.** **280. Frumvarp til laga**

**um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.**

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

a. Í stað orðanna „65 ára“ í 1. málsgr. laganna komi: 70 ára.

b. 2. málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er þó þessum embættis- og starfsmönnum að láta af störfum, þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára, eða hvenær sem er eftir þann tíma, með fullum eftirlaunarétti.

2. gr.

Síðari málsgr. 2. gr. laganna falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.